

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Foss Sýningin fjallar um listsköpunina sjálfa, um afl hennar og aflvaka.

Tilbrigði við foss

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kjarvalsstaðir

Foss/Rúrí, Pat Steir, Ólafur Elíasson og Hekla Dögg Jónsdóttir

Til 29. apríl 2007
Opið alla daga kl. 10–17. Aðgangur kr. 500. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 250. Hópar (10+) kr. 250. Yngri en 18 ára: ókeypis. Ókeypis á fimmtudögum.

ÞAÐ ERU málverk eftir hina bandarísku Pat Steir sem mæta auganu þegar komið er inn í vestursal Kjarvalsstaða á samsýningu fjögurra listamanna, sem auk Steir eru Rúrí, Ólafur Elíasson og Hekla Dögg Jónsdóttir. Ógurlegar drunur berast manni hins vegar til eyrna og reynast vera vatnsgnýr í verki Rúríar sem ber heitið „Fossaföll“ og gefur jafnframt „tóninn“ fyrir sýninguna í heild sem heitir einfaldlega *Foss*.

Pat Steir er þekkt fyrir afar stór málverk þar sem hún nýtir sér þyngdarafl jarðar við að leggja málninguna á myndflötinn og líkir á vissan hátt eftir hreyfingum fossa: málningunni er hellt og skvett á strigann og hún gjarnan látin renna í taumum niður eftir fletinum. Vísunin til fossa er þó ekki einungis í vinnulaginu heldur er hún einnig sjónræn svo sem í verki þar sem lóðréttar línur gagnsærra málningartauma, sem mynda eins konar fossasyllur, eru brotnar upp með léttum leik málningar sem virðist hafa verið úðað á flötinn og gæðir verkið jafnframt dýpt og hreyfingu. Í öðrum verkum dreifist málningarúðinn um allan myndflötinn og minnir ýmist á fossúða eða stjörnuþoku. Í nærmynd verða hinir óhlutbundnu þættir meira áberandi og áhorfandinn fer að rýna í mismunandi þykkt eða áferð málningarinnar og velta fyrir sér uppbyggingu verkanna.

Hárin taka svo að rísa á höfði sýningargesta þegar inn í skjáinnsetningu Rúríar í aflokuðu rými er komið og æðisgenginn kraftur Dettifoss (og annarra fossa) tekur völdin í skynjuninni. Myndskeiðum af fossinum hefur verið varpað á gagnsæ sýningartjöld sem hanga um allt rýmið þannig að það er líkt og gengið sé inn í foss eða á bak við hann. Foss Rúríar er brotinn með margvíslegum sjónarhornum og verkið hefur geómetríska vídd þó að hér sé um „realískari“ fossamynd að ræða en í verkum Steir, eða eiginlegri eftirlíkingu af fossi. Hin mörgu sjónarhorn, eða *sýnishorn* af fossi minna sýningargesti einmitt á að hér er um eftirmynd í safni að ræða: Rúrí hefur skrásett náttúrufyrirbærið – og upplifun af því – í hljóði og mynd til varðveislu nú á þessum síðustu og verstu tímum fyrir náttúruna þegar heilu fossaraðirnar hverfa í uppistöðulón til rafmagnsframleiðslu.

Walter Benjamin benti á möguleika tækninnar til að hafa áhrif á skynjun mannsins og fræg er umræða hans um brotthvarf áru listaverksins í tæknilegri fjölföldun. Rúrí leitast við að varðveita „áru“ fossins einmitt í endurgerðinni og nýtir einkar vel tæknilega (og kaldhæðnislega rafvædda) möguleika til að koma til skila fegurð hans og seiðmögnuðum krafti.

Rafvæddur fossskúlptúr Heklu Daggar Jónsdóttur, samsettur úr ljósleiðurum, er eins og ímynduð tilraun til túlkunar á fossi í fjarlægri framtíð þegar fossar væru horfnir af yfirborði jarðar og listamaðurinn byggði á hugmyndum sem varðveist hefðu í munnlegri geymd. Flæðið í verkum Steir og Rúríar (sem þó einkennist einnig af rofi) víkur hér fyrir brotalínum og bláleitt ljósblikk minnir á neonskilti borgarinnar fremur en náttúruna.

Verk Ólafs Elíassonar, „Öfugur foss“, hið eina er inniheldur fossandi vatn, skírskotar ekki aðeins til fossformsins, stalla eða syllna eins og í fossi Steir heldur til eðlisheimsins: það stendur úti og tekur breytingum eftir veðri og vindi og endurómar þannig eiginleika náttúrulegra fossa. Þótt foss Ólafs, sem streymir upp á við, geti virst andstæður náttúrulögmálum koma upp í hugann „öfugar“ íslenskar fjallabunur þar sem vindurinn lætur þyngdarafl jarðar sig engu varða og feykir vatnsbununni upp í loft.

Í verki Ólafs og raunar í verkum allra sýnendanna er tæknileg samsetning verksins/fossins vel sýnileg og beinlínis mikilvægur hluti af verkinu. Hvað svo sem vakir fyrir listamönnunum – fagurfræðilegar vangaveltur, andleg íhugun frammi fyrir náttúrunni eða gagnrýnin afstaða til nýtingar á henni – fjallar sýningin *Foss* ekki síst um listsköpunina sjálfa, um afl hennar og aflvaka.

Anna Jóa



Sögur frá liðnum tíma

ÆTTAR- og fjölskyldusaga, sem tengist stöðum á sunnanverðu landinu, náttúru og húsum, er uppistaða sýningar Borghildar Óskarsdóttur sem opnuð verður kl. 14 í dag í Listasafni ASÍ; – en ívafið, skálar og stjörnumerki.

Loftið sem við öndum að okkur lék um fyrri kynslóðir og raddirnar sem við heyrum eru í vissum skilningi bergmál þeirra radda sem nú eru þagnaðar.

SUÐURNES

Auka þarf skapandi þátttöku fyrirtækja

Eftir Svanhildi Eiríksdóttur



Morgunblaðið/Svanhildur Eiríksdóttir

Ábyrgð Baldur Guðmundsson flytur erindi. Við borðið sitja Ásmundur Friðriksson, Björk Guðjónsdóttir, Þorsteinn Pálsson og Sif Gunnarsdóttir.

Reykjanesbær | „Það þarf að finna farveg fyrir fyrirtæki og félagasamtök til að koma meira að dagskrá Ljósanætur. Draumurinn yrði að fyrirtæki og félagasamtök tækju yfir dagskrána en Reykjanesbær sæi einungis um yfirstjórn,“ sagði Ásmundur Friðriksson, verkefnastjóri hjá Reykjanesbæ, á málþingi um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga í menningarmálum og á bæjarhátíðum. Yfirskrift þingsins var „Ræktum frumkvæðið og kraftinn“.

„Ekkert ríkiskerfi ræður við þá fjölbreyti sem samfélagið býr við,“ sagði Þorsteinn Pálsson, ritstjóri og fyrrverandi ráðherra, í erindi sínu um samfélaglega ábyrgð fyrirtækja. Hann talaði um hvernig nútímasamfélag væri þess eðlis að ábyrgðin hvíldi á mönnum jafnt sem fyrirtækjum og að hin samfélagslega ábyrgð væri brúarsmíð milli fyrirtækja og einstaklinga, t.d. listamanna. „Enginn er eyland í samfélagi. Allir eru bundnir öðrum og því er ábyrgðin sameiginleg.“

Í HNOTSKURN

» **Menningarmál eru talinn einn mikilvægasti málaflokkur sveitarfélaga.**

» **Menning fékk mesta fjölmiðlaumfjöllun allra málefna í Reykjanesbæ á síðasta ári, fyrir utan sveitarstjórnarmál á kosningaári.**

Skapar jákvæða ímynd

Sif Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri Höfuðborgarstofu, sagði að auka þyrfti skapandi þátttöku fyrirtækja. „Það þarf að breyta því að fyrirtækin séu þöglir þátttakendur og fá starfsfólk til að taka meiri þátt í undirbúningsstarfi og uppákomum bæjarhátíða. Þátttaka fyrirtækja skapar þeim jákvæða ímynd, það eru þeirra laun.“

Á málþinginu var rætt vítt og breitt um samfélagslega ábyrgð og hvernig hin félagslega ábyrgð næði ekki síður til félagasamtaka og einstaklinga. Þannig fela styrkir Reykjanesbæjar til menningarfélaga t.d. í sér þátttöku í bæjarhátíðum og rætt var um að eðlilegt væri að styrkþegar sneru viðskiptum sínum til þeirra fyrirtækja sem veittu þeim styrki. Ingólfur Karlsson veitingamaður á Langbest sagði það reynslu sína að styrkir fyrirtækisins hafi skilað sér til baka. „Þegar veitingastaður minn hefur fengið samkeppni, aukast viðskiptin.“

Nálægðin minnkar

Það kom einnig fram á málþinginu að landslag fyrirtækja hafi breyst og oft hafi sameining fyrirtækja gert mönnum erfiðara fyrir um að ná í styrki, þar sem nálægðin væri ekki lengur til staðar. Baldur Guðmundsson markaðsstjóri Sparisjóðs Keflavíkur sannfærði gesti um að sparisjóðurinn myndi halda nálægðinni við viðskiptavini og samfélagið allt þrátt fyrir stækkun eða sameiningu, en sparisjóðurinn en aðal bakhjarl menningar í Reykjanesbæ og var málþingið haldið í boði hans.

